

Lífeyrissjóður Neskaupstaðar

Ársreikningur

2010

Lífeyrissjóður Neskaupstaðar
Sigtúni 42
105 Reykjavík
Kt. 480673-1159

Lífeyrissjóður Neskaupstaðar

Ársreikningur

2010

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	3 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 13
Kennitölur	14

Skýrsla stjórnar

Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2010. Rekstrarkostnaður nam 2,9 m.kr. eða 0,57% af hreinni eign í árslok en hlutfallið var 0,46% árið áður. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur sjóðsins og hefur gert svo frá 1. júlí 2000. Laun til stjórnar námu 201 þ.kr., sem er 12% hærra en á árinu 2009.

Iðgjöld

Í árslok 2010 greiddu 10 sjóðfélagar hjá 1 atvinnurekanda iðgjöld til sjóðsins eins og í ársbyrjun. Fjöldi virkra sjóðfélaga var að meðaltali 11 árið 2010 samanborið við 12 árið áður. Heildar iðgjöld námu 43,3 m.kr. samanborið við 41,2 m.kr. árið áður. Af heildariðgjöldum námu sérstök aukaframlög launagreiðenda 37,5 m.kr. samanborið við 35,4 m.kr 2009. Hækkun iðgjalda á milli ára nam 4,1%.

Lífeyrir

Heildargreiðslur lífeyris mámu á árinu 74,4 m.kr. en voru 71,3 m.kr árið 2009 sem er 4,1% hækkun á milli ára. Lífeyrisþegar voru 56 (53) í árslok. (Tölur innan sviga eru fyrir árið 2009). Að meðaltali fengu 35 (35) sjóðfélagar greiddan ellilífeyri, 8 (7) örorkulífeyri og 13 (11) makalífeyri. Í árslok fengu um 40% lífeyrisþega lífeyri samkv. svokallaðri eftirmannsreglu en um 60% samkv. meðaltalsreglu.

Fjárfestingar

Í árslok 2010 námu fjárfestingar sjóðsins 493,2 m.kr. samanborið við 498,1 m.kr. í ársbyrjun. Á árinu 2010 voru keypt verðbréf fyrir um 73,1 m.kr. Þar af voru keypt verðbréf með föstum tekjum fyrir 45,8 m.kr og verðbréf með breytilegum tekjum 27,3 m.kr. Á árinu voru seld verðbréf og fengnar afborganir verðbréfa fyrir 67,8 m.kr. Þar af voru seld verðbréf með föstum tekjum fyrir 12,2 m.kr en 31,8 m.kr verðbréf með breytilegum tekjum.

Eign í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum var lítil og sömuleiðis átti sjóðurinn mjög lítið af skuldabréfum útgefnum af stóru bönkunum. Hins vegar átti sjóðurinn skuldabréf á minni fjármálastofnanir sem rétt þótti að færa niður til varúðar. Niðurfærsla ársins, kr. 6,7 m.kr. hefur um 1,4% áhrif til lækkunar á eignasafni sjóðsins.

Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2010 er 502,7 m.kr., samanborið við 509,3 m.kr. í ársbyrjun. Lækkunin nemur 6,6 m.kr. eða 1,3%. Nafnávöxtun sjóðsins var samkvæmt formúlu Fjármálaeftirlitsins 5,0% og hrein raunávöxtun 2,3%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 1,3%. Í kennitölum meðfylgjandi ársreiknings er að finna ítarlegri upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

Tryggingafræðileg athugun

Að mati tryggingastærðfræðings voru heildarskuldbindingar 1.856,6 m.kr. og heildareignir (endurmetnar) 539,1,7 m.kr. í árslok 2010, samanborið við 1.839,7 m.kr. og 552,7 m.kr. árið áður. Heildarskuldbindingar umfram eignir var því 72% í árslok 2010 samanborið við 70,0% árið áður. Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% vöxtum.

Skýrsla stjórnar

Atburðir eftir uppgjörstag

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörstag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

Framtíðarþróun

Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Í samræmi við samþykktir sjóðsins er viðkomandi launagreiðendum gerður reikningur fyrir hluta útgreidds mánaðarlegs lífeyris sem byggður er á tryggingafræðilegum forsendum. Það hlutfall er nú 68%. Lífeyrissjóðurinn stendur þannig undir 32% af greiddum lífeyri. Megin áhersla er og verður lögð á trygga ávöxtun með fjárfestingum á skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.


Staðfesting stjórnar


Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2010, efnahags hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010.


Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Neskaupstaður, 27/4 2011.


Í stjórn


Pál Björgvin Guðmundsson
Stjórnarformaður


Benedikt Sigurjónsson


Klara Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri


Jón G. Kristjánsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og kennitölur.

Abyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 27/4 2011

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir
Hrafnhildur Helgadóttir

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

Árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Iðgjöld	6		
Iðgjöld sjóðfélaga		1.645.620	1.842.191
Iðgjöld launagreiðenda		3.709.132	4.002.557
Sérstök aukaframlög		37.518.533	35.371.884
Framlag ríkis til jöfnunar á örorkubyrgði		410.565	0
		<u>43.283.850</u>	<u>41.216.632</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	15	<u>(74.360.663)</u>	<u>(71.339.417)</u>
Fjárfestingartekjur	7		
Vaxtatekjur og gengismunur	16	41.514.216	60.930.216
Breyting á niðurfærslu	19	<u>(11.205.185)</u>	<u>(21.256.616)</u>
		<u>30.309.031</u>	<u>39.673.600</u>
Fjárfestingargjöld	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		<u>(2.891.598)</u>	<u>(2.339.130)</u>
Rekstrarkostnaður	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		<u>(2.891.598)</u>	<u>(2.339.130)</u>
(Lækkun) hækkun á hreinni eign á árinu		(6.550.977)	4.872.555
Hrein eign frá fyrra ári		<u>509.250.408</u>	<u>504.377.853</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>502.699.431</u>	<u>509.250.408</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
Fjárfestingar	9 - 12		
Verðbréf með breytilegum tekjum	17	81.571.272	86.135.412
Verðbréf með föstum tekjum	18	396.847.853	364.271.993
Veðlán	20	7.834.751	15.213.102
Bankainnistæður		6.978.794	32.484.454
		<u>493.232.670</u>	<u>498.104.961</u>
Kröfur	13		
Kröfur á launagreiðendur	22	2.408.112	1.302.126
Aðrar kröfur		1.031.782	0
		<u>3.439.894</u>	<u>1.302.126</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		10.643.464	14.702.087
Eignir samtals		<u>507.316.028</u>	<u>514.109.174</u>
Viðskiptaskuldir	14		
Aðrar skuldir		4.616.597	4.858.766
Skuldir samtals		<u>4.616.597</u>	<u>4.858.766</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>502.699.431</u>	<u>509.250.408</u>

Sjóðstreymi

Árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Inngreiðslur			
Iðgjöld		41.146.082	44.323.538
Fjárfestingartekjur.....		15.012.268	20.985.591
Afborganir verðbréfa.....		23.723.002	21.211.223
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		31.796.134	176.606.950
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		12.277.271	23.689.116
		<u>123.954.757</u>	<u>286.816.418</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir.....		(74.360.663)	(71.339.417)
Fjárfestingargjöld.....		(2.891.598)	(2.339.130)
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....		(2.891.598)	(2.339.130)
Aðrar útgreiðslur.....		(242.169)	238.423
		<u>(80.386.027)</u>	<u>(75.779.254)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>43.568.730</u>	<u>211.037.164</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		(27.298.717)	(25.770.741)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		(45.834.296)	(196.045.131)
Lækkun á bankainnistæðum		25.505.660	11.832.703
		<u>(47.627.353)</u>	<u>(209.983.169)</u>
(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánnum		(4.058.623)	1.053.997
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>14.702.087</u>	<u>13.648.090</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>10.643.464</u>	<u>14.702.087</u>

Skýringar

I) Starfsemi

1. Almenn

Lífeyrissjóður Neskaupstaðar (LN) var stofnaður árið 1969. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998.

Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs (nr. 510).

Sjóðurinn er með aðsetur að Sigtúni 42, 105 Reykjavík.

2. Sjóðfélagar

Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Fjarðarbyggð (Neskaupsstað), stofnunum bæjarins, sjálfseignastofnunum eða félögum skrásettum í Neskaupsstað sem bæjarfélagið á aðild að og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins.

3. Rekstur

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS), Sigtúni 42, hefur frá 1. júlí 2000 annast daglegan rekstur sjóðsins.

II) Reikningsskilaaðferðir

4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjárráðgjafaráttar nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

5. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

6. Iðgjöld

Iðgjöld í sameign eru færð til tekna þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur.

7. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingu á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistæðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismun erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

8. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins. Í ársreikningnum er áætlað að þessi skipting sé til helminga.

Skýringar

9. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok.

10. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tiltekni vaxtvíðmiðun. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

11. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

12. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Gengi í árslok	
		2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
Evrá.....	EUR	161,89	172,67	156,75	179,88
Danskar krónur.....	DKK	21,74	23,19	21,04	24,10

13. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

14. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

III) Sundurliðanir

15. Lífeyrir

Lífeyrir greinist þannig:

	2010	2009
Ellilífeyrir.....	49.802.849	50.457.417
Örorkulífeyrir.....	3.265.551	2.879.431
Makalífeyrir.....	21.292.263	18.002.569
	<u>74.360.663</u>	<u>71.339.417</u>

Skýringar

16. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	2010	2009
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	10.749.406	6.420.931
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	27.275.241	45.050.894
Af veðlánnum.....	2.099.631	3.603.774
Af bankainnistæðum.....	1.387.163	5.851.495
Af öðrum liðum.....	2.775	3.122
	<u>41.514.216</u>	<u>60.930.216</u>

17. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	2010		2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréfasjóðir.....	65.732.737	0	75.850.332	0
Hlutabréf 1).....	6.401.148	3.175.834	0	0
Peningamarkaðssjóir.....	689.727	0	4.891.861	0
Hlutabréfasjóðir.....	5.570.292	1.534	4.571.081	822.138
	<u>78.393.904</u>	<u>3.177.368</u>	<u>85.313.274</u>	<u>822.138</u>
Samtals.....		<u>81.571.272</u>		<u>86.135.412</u>

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

18. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	2010		2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	345.849.364	0	310.437.335	0
Skuldabréf sveitarfélaga.....	0	0	0	0
Skuldabréf fyrirtækja.....	50.813.168	0	52.111.234	0
Skuldabréf lánastofnana.....	185.321	0	1.723.424	0
Niðurfærsla.....	0	0	0	0
	<u>396.847.853</u>	<u>0</u>	<u>364.271.993</u>	<u>0</u>
Samtals.....		<u>396.847.853</u>		<u>364.271.993</u>
Áætlað markaðsverð.....	<u>466.116.582</u>	<u>0</u>	<u>379.309.249</u>	<u>0</u>

Skýringar

19. Niðurfærsla verðbréfa með föstum tekjum

Bókfært verð verðbréfa með föstum tekjum hefur verið fært niður vegna óvissu um innheimtu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2010	2009
Staða í ársbyrjun.....	26.220.569	4.963.953
Afskrifað á árinu.....	(4.413.402)	0
Hækkun á niðurfærslu.....	11.205.185	21.256.616
Staða í árslok.....	<u>33.012.352</u>	<u>26.220.569</u>

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

	2010	2009
Skuldabréf lánastofnana.....	18.346.685	15.054.281
Skuldabréf fyrirtækja.....	12.007.585	5.907.374
Veðlán.....	2.658.082	5.258.914
	<u>33.012.352</u>	<u>26.220.569</u>

20. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	2010	2009
Veðlán til sjóðfélaga.....	1.632.559	2.942.308
Veðlán til annara.....	6.202.192	12.270.794
	<u>7.834.751</u>	<u>15.213.102</u>

21. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Aðrar fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Mynt	2010	2009
Íslenskar krónur.....	ISK	490.055.302	497.282.823
Evrur.....	EUR	1.534	822.138
Danskar krónur.....	DKK	3.175.834	0
		<u>493.232.670</u>	<u>498.104.961</u>

22. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda.

Skýringar

23. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:

	2010	2009
Benedikt Sigurjónsson	30.996	51.660
Björk Rögnvaldsdóttir	30.996	51.660
Helga Jónsdóttir	46.548	77.580
Klara Ívarsdóttir	51.664	-
Kristinn Ívarsson	10.332	-
Páll Björgvin Guðmundsson	31.032	-
	<u>201.568</u>	<u>180.900</u>

Aðkeypt þjónusta endurskoðenda greinist þannig:

	2010	2009
Endurskoðun ársreiknings	716.153	1.011.135
Innri endurskoðun	396.936	253.186
Önnur aðstoð	129.610	234.045
	<u>1.242.699</u>	<u>1.498.366</u>

IV) Tryggingafræðileg athugun

24. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok 2010 greinist þannig (í þús. króna):

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2010	Samtals 31.12.2009
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	502.699	0	502.699	509.250
Endurmat verðbréfa.....	29.811	0	29.811	36.032
Núvirði fjárfestingarkostnaðar.....	(53.182)	0	(53.182)	(43.021)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	43.831	43.831	50.084
<i>Eignir samtals</i>	<u>479.328</u>	<u>43.831</u>	<u>523.159</u>	<u>552.345</u>
Ellilífeyrir.....	1.267.629	97.238	1.364.867	1.339.733
Örorkulífeyrir.....	26.827	3.389	30.216	33.712
Makalífeyrir.....	396.972	11.231	408.203	423.019
Barnalífeyrir.....	141	0	141	173
Rekstrarkostnaður.....	48.700	4.482	53.182	43.021
<i>Skuldbindingar samtals</i>	<u>1.740.269</u>	<u>116.340</u>	<u>1.856.609</u>	<u>1.839.658</u>
Skuldbindingar umfram eignir.....	<u>1.260.941</u>	<u>72.509</u>	<u>1.333.450</u>	<u>1.287.313</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	<u>(72,5%)</u>	<u>(62,3%)</u>	<u>(71,8%)</u>	<u>(70,0%)</u>

Skuldbindingar sjóðsins umfram eignir á hverjum tíma eru á ábyrgð bæjarsjóðs Fjarðarbyggðar og stofnana hans. Þessum aðilum er á hverju ári gerð grein fyrir stöðu sjóðsins og skuldbindingum hans.

Kennitölur

	2010	2009	2008	2007	2006
Ávöxtun					
Nafnávöxtun.....	5,0%	7,2%	18,6%	6,5%	7,6%
Hrein raunávöxtun.....	2,3%	(1,4%)	1,9%	0,6%	2,5%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	1,2%	0,9%	2,7%	3,2%	3,5%

Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga

Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð.....	16,5%	17,3%	43,6%	43,2%	42,2%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,3%	0,5%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð.....	80,5%	73,1%	41,3%	35,2%	35,0%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð.....	0,0%	0,0%	0,0%	6,3%	6,6%
Veðlán.....	1,6%	3,1%	6,1%	7,4%	11,2%
Bankainnistæður.....	1,4%	6,5%	9,0%	7,6%	4,5%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	99,4%	99,8%	99,7%	94,0%	92,8%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	0,6%	0,2%	0,3%	6,0%	7,2%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Fjöldi

Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra)	11	12	12	13	16
Fjöldi lífeyrisþega (meðaltal)	56	53	51	49	48

Hlutfallsleg skipting lífeyris

Ellilífeyrir.....	67,0%	70,7%	73,2%	72,1%	70,0%
Örorkulífeyrir.....	4,4%	4,0%	4,0%	4,2%	5,0%
Makalífeyrir.....	28,6%	25,3%	22,8%	23,7%	25,0%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegru úttekt

Eignir umfram heildarskuldbindingar.....	(71,8%)	(70,0%)	(69,0%)	(67,8%)	(66,6%)
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar.....	(72,5%)	(70,6%)	(69,5%)	(68,4%)	(66,9%)

Rekstur

Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign.....	0,6%	0,5%	0,4%	0,4%	0,5%
Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum).....	171,8%	173,1%	165,3%	158,9%	21,1%